



Spor í sandinn

	Hafnarfjarðarþarðar
Innk:	8/3 2016
Málsnr:	1603181
Bréfalt:	521.2

Hjörðís Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri
Borgartún 27
Sími 6985314
T-póstur: hjordis@sporisandinn.is

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Berist til Rósu Guðbjartsdóttur forseta bæjarráðs

Efnin: Ósk um kaup eða leigu á lóð undir BioDome Hafnarfjörð

7. mars 2016

Góðan dag,

Í eitt og hálft ár hefur Spor í sandinn unnið að viðskiptahugmynd sem gengur út á að reisa sjálfbærar gróðurhvelvingar (BioDomes) í nágreni við neytendur. Hugmyndin er að tengja BioDome orku-uppsprettu og/eða annarri starfssemi s.s. sundlaug sem saman mynda klasa auðlindanýtingar. Um innvið í grunnþjónustu er að ræða þar sem kjarnastarfsemin er framleiðsla matjurta en tengt henni verður boðið upp á fræðslutengda upplifun og nýjan innvið í afþreyingu og ferðaþjónustu. Skapa á vettvang fyrir íbúa og gesti, grænan heim allt árið um kring; ljós í myrkrinu og endurnærandi stað fyrir sál og líkama.

Verkefnið hefur hlotið góðan hljómgrunn, var m.a. valið eitt 10 verkefna inn í frumkvöðlahraðalinn Startup Reykjavík síðastliðið sumar en 150 verkefni sóttu um þátttöku. Í framhaldi af því hefur verið unnið stöðugt að þróun viðskiptaáætlunar og verkefnið kynnt fyrir fjárfestum og fjármögnunaraðilum.

Hugmyndafræði verkefnisins hefur verið kynnt bæjarráði Hafnarfjarðar og forsvarsmönnum skipulagssviðs bæjarins og samráð hefur einnig verið haft við aðila Markaðsstofu Hafnarfjarðar. Meðfylgjandi einblöðung um hugmyndafræðina (BioDomes Hugmyndafrædi.pdf).

Í dag er viðskiptamódelið aðlagð að þeirri sýn að byggja upp keðju undir heitinu BioDome sem stendur fyrir heilsusamlegar afurðir, upplifun og sterku vörumerki keðjunnar. Sem liður í að finna starfseminni staði hafa viðræður við Hafnarfjarðarbæ leitt til þess að hér með er sótt formlega um leigu eða kaup á lóð fyrir starfsemina til hliðar við Suðurbæjarlaug. Umsóknin er lögð inn með fyrirvara um að samningar náist við alla hlutaðeigandi aðila. Meðfylgjandi afstöðumynd sýnir lóðina með rauðri afmörkun u.p.b. 2500-2700 m² (Lod vid Sudurbæjarlaug.pdf).

Á fundi með skipulagsstjóra og byggingafulltrúa föstudaginn 26. febrúar síðastliðinn var farið yfir aðrar mögulegar staðsetningar í bænum. Meðfylgjandi mynd sýnir þær sem nefndar voru í þessu sambandi (Adrir stadir nefndir.pdf). En aðilar sammæltust um að umbeðin staðsetning við Suðurbæjarlaug félli best að hugmyndafræði um myndun sjálfbærars klasa, að tengast inn í núverandi strauma og að hafa jákvæð áhrif tengt framtíðarsýn bæjarins og hagsmunaaðila sem vilja þróa og byggja upp svæðið við hafnarbakkann. Forsvarsmenn Spors í sandinn er tilbúin að skoða aðra mögulegar staðsetningar ef þær fela í sér jafn mikla möguleika fyrir alla aðila. Ef spurningar vakna hafið óhikað samband.

Með góðri kveðju, f. h. stjórnar Spors í sandinn

(sign)

Hjörðís Sigurðardóttir

Fylgisjöl:
Hugmyndafræðin
Afstöðumynd
Aðrir staðir nefndir







Spor i Sandinn kynnir:

BioDome - grønn heimur í nágrenni við neytendur

Ímyndaðu þér

Að borða ný íslensk jarðaber í febrúar. Sólskin allan ársins hring. Stað þar sem **náttúran talar til þín**, og þú getur lært um og smakkað bragðmiklar og hreinar íslenskar matjurtir. **Framandi kennileiti** með grænni starfssemi og lifandi torgi sem togar í "að sjá og upplifa" aftur og endurtekið, bæði fyrir erlenda gesti og íbúa.

Sjáðu fyrir þér, **skemmtilegan** stað þar sem öll íslensk börn geta lært á áhugaverðan hátt um ræktun matjurta og fjölbreyttar hliðar þeirra ferla. Þekkingarmiðstöð sem tvinnar saman fræðslu um **sjálfbærni, matvæli og velferð** á áþreifanlegan og áhugaverðan hátt.



Ímyndaðu þér BioDome hugmyndina

Framleiðsla á **úrvals grænmeti og kryddjurtum** hvað varðar bragðgæði og hreinleika. Veitingastaður þar sem hægt er að njóta ferskasta matar og drykkjar sem völ er á í þínu nágrenni, ræktað á staðnum. Falleg verslun með matvælum og munum, markaðstorg þar sem allir vilja versla. Staður sem stendur fyrir skyra sýn um **betri framtíð** og hefur áhrif á ímynd íslenskra matvæli - að þau séu með því besta sem fæst. Staður sem **endurnærir huga, sál og líkama**.

Fyrst skjótum við rótum á höfuðborgarsvæðinu og síðan stækkum við þaðan. Gert er ráð fyrir 150.000 gestum fyrsta árið. **Vörumerkið BioDome** mun ekki bara standa fyrir grænan heim allt árið heldur líka afurðir í fyrsta flokki og keðju sem mun stækka og **ná fótfestu á fleiri stöðum** á Íslandi, Skandinavíu og víðar.



Ímyndaðu þér BioDome

Heildstæð sýn

Hreint vatn, græn orka, frjór eldfjalla-jarðvegur, sjálfbær samofin mannvirki, fjölbreytt samfélag, traustur innviður og framsækin hönnun gerir BioDome klasana að **metnaðarfullu verkefni** og frábæru fordæmi.

Stofnandi og tengiliður
Hjörðis Sigurðardóttir
LinkedIn.com/HjordsSigurdar
hjordis@sporisandinn.is
+354 698 5314
www.sporisandinn.is


Spor i sandinn